

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. febrúar 2020

Mál nr. E-2960/2020

Lítið mál ehf.

(Auður Björg Jónsdóttir lögmaður)

gegn

Finnboga R. Jóhannessyni

(Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður)

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

Mál þetta er höfðað 28. apríl 2020 af Litlu máli ehf. [...], á hendur Finnboga R. Jóhannessyni, [...]

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4.498.720 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. febrúar 2020 til greiðsludags, að frádreginni innborgun 30. nóvember 2018, 1.300.000 kr. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda. Stefnandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Máli þessu var lokið með áritun um aðfararhæfi 5. júní 2020 eftir að útivist varð af hálfu stefnda við þingfestingu 7. maí s.á. Málið var endurupptekið 12. nóvember 2020 að beiðni stefnda í máli nr. I-4479/2020, og greinargerð hans skilað 19. nóvember 2020. Stefnandi setti sig ekki upp á móti endurupptöku. Dómari fékk málinu úthlutað 30. nóvember 2020. Málið var dómtekið að nýju eftir aðalmeðferð þess 16. febrúar 2021.

Málsatvik

Krafa stefnanda er byggð á reikningi sem tilkominn er vegna vinnu stefnanda við að klæða alla innveggi parhússins að Lerkibýggð 1 og 3 í Mosfellsbæ með gipsi, sparsla og mála og ganga frá með fram gluggum fyrir verkkaupa. Stefnandi kveðst hafa við gerð reiknings tekið tillit til umsamins afsláttar sem nemi 40 vinnustundum. Stefnandi kveður vinnuna hafa verið unna frá október 2018 til febrúar 2019 og er ekki sjáanlegur ágreiningur um það.

Einkahlutafélagið Tréhús greiddi 1.300.000 kr. inn á skuldina 30. nóvember 2018. Síðan þá kveðst stefnandi ítrekað hafa verið lofað greiðslu á eftirstöðvum kröfunnar og kveðst þar einungis hafa verið í sambandi við stefnda.

Stefndi gerir ekki ágreiningur um að hann hafi gert samning við Sigurð H. Engilbertsson um að hann tæki að sér að sparsla og mála vegg í parhúsum við Lerkibýggð 1 og 3 í Mosfellsbæ haustið 2018. Ágreiningur aðila snýr að því hvort verkkaupi hafi verið stefndi eða Tréhús ehf. en stefndi byggir á því. Upplýst er í málinu að það félag var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 11. desember 2019.

Stefndi krefst af þessum sökum sýknu vegna aðildarskorts en krefst ella verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Eins og málið er vaxið telur dómari rétt að fjalla um málsatvik eins og stefndi lýsir þeim umfram grunnatriði málsins, í umfjöllun um málsástæður hans, þar sem þau tvinnast mjög saman.

Aðilaskýrslur gáfu fyrir dómi Sigurður H. Engilbertsson forsvarsmaður stefnanda, og stefndi Finnbogi Rútur Jóhannesson.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi kveðst nauðbeygður að höfða mál til innheimtu kröfunnar þar sem krafan hafi, þrátt fyrir gefin loforð, ekki verið greidd, utan framangreindrar innborgunar. Stefnandi kveður vafalaust að stefndi hafi verið viðsemjandi hans og sé skuldbundinn til að greiða kröfuna en ekki einkahlutafélagið Tréhús ehf., eins og stefndi haldi nú fram. Þetta hafi verið samningur aðila og aldrei neitt annað á málgað. Því beri stefnda að greiða kröfuna.

Stefnandi vísar til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 en um vaxtafót vísist til 1. mgr. 6. gr. laganna. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður stefnda og lagarök

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti til varnar. Stefndi hafi ekki verið viðsemjandi stefnanda heldur einkahlutafélagið Tréhús ehf. Það hafi ekki getað dulist stefnanda að hann væri að semja við Tréhús ehf. Hann hafi tekið út vörur í nafni félagsins og Tréhús ehf. hafi greitt inn á verkið til stefnanda. Þar að auki hafði stefndi selt eignirnar sem um ræðir, sumarið áður. Stefndi hafi því ekki verið verkkaupi og sé kröfunni því ranglega beint að honum.

Ekki er ágreiningur um hvaða verk er að ræða en stefndi heldur því fram að Sigurður, forsvarsmaður stefnanda, hafi í upphafi áætlað að kostnaður við það yrði um 4000 kr. á fermetra vegna vinnu og efnis. Hafi orðið að samkomulagi að verkið yrði unnið í tímavinnu en verkkaupi myndi greiða efni.

Tréhús ehf. muni fram að þessu hafa verið í viðskiptum við Flugger vegna málningarvara en Sigurður hefði verið í viðskiptum við Slippfélagið. Hafi verkkaupi fallist á að nota vörur frá Slippfélaginu við verkið og af þeirri ástæðu hafi téður Sigurður leitað eftir tilboði í verkið frá Slippfélaginu, en í skjali varðandi það komi fram að það sé gert vegna Lerkibygðar. Í kjölfarið hafi Sigurður og Jamal, starfsmaður stefnanda, tekið út vörur í nafni Tréhúsa ehf. eins og fram komi á framlögðum reikningum þar sem einnig komi fram að úttektir hafi verið vegna Lerkibygðar 1-3. Þá leggur stefndi fram reikningsyfirlit frá Slippfélaginu sem sýni að viðskipti Tréhúss ehf. við Slippfélagið hafi ekki hafist fyrr en í október 2018, sem styðji málatilbúnað stefnda.

Stefndi segir verkið hafa hafist 2. október 2018 samkvæmt tímaskýrslu sem stefnandi leggi fram sjálfur og vinnuskýrslu sem hafi borist stefnda í lok nóvember 2018. Hafi Tréhús ehf. greitt 1.300.000 kr. inn á verkið í nóvember 2018, en hafi ekki fengið reikning vegna þeirra greiðslu.

Stefndi vísar og til framlagðra gagna sem sýni að Tréhús ehf. hafi verið verkkaupi í öllum framkvæmdum sem snúið hafi að Lerkibýggð 1 og 3. Annars vegar sé um að ræða reikninga frá öðrum verktökum sem unnið hafi að verkinu og hins vegar kaupsamninga um Lerkibýggð 1 og 3 sem sýna að stefndi hafði selt umræddar eignir sumarið 2018.

Stefndi vekur athygli á að reikningur, sem krafa stefnanda byggir á, sé ekki gefinn út fyrr en í desember 2019 eða um 10 mánuðum eftir að verkinu hafi lokið 15. febrúar 2019, sbr. tímaskýrslu. Hafi engin skýring verið gefin fyrir þessum drætti sem sé ekki síst óvenjulegur þar sem Tréhús ehf. hafi þegar greitt 1.300.000 kr. í nóvember 2018 án þess að gefinn væri út reikningur á félagið.

Stefndi kveðst ekki geta borið ábyrgð á því að stefnandi hafi látið hjá líða að gefa út reikning á réttan viðsemjanda í rúmt ár en Tréhús ehf. hafi gert upp við alla verktaka sem gefið hafi út reikninga á Tréhús ehf. vegna verksins.

Stefndi byggir einnig á tómlætissjónarmiðum ef ekki verður fallist á að um aðildarskort sé að ræða. Stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast í meira en ár að gefa út reikning á réttan aðila og því hafi hann sýnt af sér verulegt tómlæti við að halda fram kröfu á stefnda enda hafi það komið stefnda í opna skjöldu þegar hann hafi fengið upplýsingar um að kröfunni væri beint að honum persónulega. Verði stefnandi án nokkurs vafa að bera hallann af þessu.

Verði ekki fallist á sýknukröfu byggir stefndi á því að tímafjöldi við verkið sé óhóflegur auk þess sem verkið hafi verið illa unnið. M.a. hefði vinna við að klæða gífsveggi verið með þeim hætti að vinna hafi þurft það aftur.

Í upphafi hafi verið miðað við að verkið væri um 720 fm og verð á fermetra væri 4.000 kr. eða samtals 2.880.000 kr. fyrir verkið. Verkkaupi hafi hins vegar kosið að sjá sjálfur um efniskaup og því ætti fjárhæðin að lækka sem því nemi. Sé ljóst að krafa stefnanda sé langt umfram það sem eðlilegt og sanngjarnt sé vegna verks af þessum toga.

Þar að auki sendi stefnandi tímaskýrslur með sömu dagsetningu en annars vegar var um að ræða 367 tíma og hins vegar 596. Stefnandi gaf ekki út reikning vegna fyrri tímaskýrslurnar þrátt fyrir að Tréhús ehf. hafi greitt 1.300.000 kr. til stefnanda.

Tímafjöldanum er mótmælt, einkum er varðar tíma sem unnir hafi verið í desember 2018 og tíma í lok verks. Hvað varði tíma í desember þá hafi starfsmenn stefnanda verið mikið á staðnum án þess að það hafi skilað sér í verkinu en stefnanda hafi verið bent á þetta. Hvað varði þá tíma sem unnir hafi verið í lok verks þá séu þeir að miklu leyti til komnir vegna þess að vinna hafi þurft aftur hluta verksins auk þess sem galla á verkinu hafi mátt rekja til mistaka afhendingar frá Slippfélaginu. Sé það kostnaður sem ekki hafi átt að lenda á verkkaupa.

Ljóst megi vera að reikningur að fjárhæð 4.498.720 kr. vegna vinnu við verkið sé langt umfram þann kostnað sem stefnandi hafi gefið upp áður en verkið hófst. Þar hafi verið nefnd talan 2.880.000 kr. en innifalið í því hafi átt að vera efni sem úr hafi orðið að Tréhús ehf. keypti eins og rakið hafi verið.

Að lokum er á því byggt að verði talið að stefnda beri að greiða vegna vinnu stefnanda þá sé í raun litið á hann sem neytanda, þar sem verkið hafi ekki verið í atvinnuskyni, og þar með falli verkið undir lög um þjónustukaup nr. 42/2000. Stefnanda hefði því borið að tilkynna stefnda um allar breytingar á verði til hækkunar, sbr. einkum 4. og

6. gr. laganna, og þá bíða fyrirmæla um hvort framkvæma ætti tiltekin verk. Geti stefnandi ekki krafist stefnda um hærrí fjárhæð en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir og dragist frá því kostnaður vegna málningar sem Tréhús ehf. hafi greitt.

Um lagarök vísar stefndi til 2. mgr. 16. laga um meðferð einkamála. Þá er vísað til meginreglna kröfuréttar og samningaréttar auk ákvæða laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Þá er og vísað til laga um meðferð einkamála, m.a. vegna málskostnaðar.

Niðurstaða

Meginmálsástæða stefnda er sú að hann beri ekki ábyrgð á skuldinni heldur einkahlutafélagið Tréhús. Í málinu liggur ekki fyrir staðfesting á því hver eigi það félag. Hins vegar liggur fyrir að félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 2019. Af framburði aðila í málinu og öðrum gögnum er ekki óvarlegt að ætla að félagið sé í eigu stefnda eða a.m.k. hafi lotið hans stjórn. Engin gögn hafa þó verið lögð fram í þessa veru og eina sem kom fram í skýrslu sem stefndi gaf fyrir dómi, var að félagið hefði verið stofnað um þetta verkefni og að allir sem tóku þátt í verkinu hafi mátt vita að félagið væri með verkið en ekki hann persónulega.

Ágreiningslaust verður að telja að stefndi hafði samband við Sigurð, forsvarsmann stefnanda, og bað hann um verkið. Jafnframt liggur fyrir að á þeim tíma sem munnlegur samningur tókst á milli þeirra um verkið og greiðslur fyrir það, hafi stefndi persónulega verið eigandi eignanna sem um ræðir og verkið varðaði. Fyrir liggur að stefndi Finnbogi var meira og minna allan verk tímann á verkstað og því sannanlega hæg heimatökin að ræða greiðslur, greiðslufyrirkomulag, viðsemjanda og annað sem máli gat skipt.

Engin bein gögn liggja fyrir um að stefnandi hafi samþykkt það að viðsemjandi hans skyldi vera félag með takmarkaðri ábyrgð, enda kveðst hann aldrei hefði gert slíkan samning án trygginga. Fyrir liggur að stefnandi hafði ekki átt viðskipti við félagið

áður, ekki þarna, að sögn, og eðli máls samkvæmt ekki síðar þar sem sá lögaðili er væntanlega ekki lengur til.

Fyrir hinu gagnstæða hefur sá er byggir á því að hann hafi takmarkað ábyrgð sína ríka sönnunarbyrði en dómurinn telur að þá byrði hafi stefndi í máli þessu ekki axlað. Engu breytir í þeim efnum þótt efni hafi verið tekið út hjá aðalbirgi stefnanda á reikning Tréhúsa ehf. en stefnandi sagði það einfaldlega hafa verið gert vegna þess að stefndi hefði bent á þann aðila og þar væri stefndi að njóta bestra kjara. Þá hefur það enga þýðingu að stefndi hefur lagt fram gögn sem sýna að því er virðist að einhverjir verktakar við umrætt verk hafi samið við og sent sína reikninga á Tréhús ehf. Engin frekari sönnunarfærsla fór reyndar fram um það atriði.

Enginn ágreiningur hefur verið gerður um að stefnandi gaf aldrei út reikning á hendur Tréhúsum ehf., heldur er sá reikningur sem hér er krafist greiðslu á, eini útgefni reikningurinn vegna verksins. Innborgun inn á reikning stefnanda frá Tréhúsum vegna verksins getur ekki, einhliða og óumbeðið, stofnað til skuldbindingar þess félags gagnvart stefnanda þannig að stefndi verði með því laus allra mála. Þá hafa engin gögn verið lögð fram um samskipti aðila í málinu, hvorki fyrir, á verk tíma né eftir hann sem varpað geta ljósi á hvort, hvenær og þá hvernig stefnandi hafi samþykkt að félag með takmarkaða ábyrgð, og sem ekki er í máli þessu vitað með vissu um eignarhald á, skyldi vera viðsemjandi hans í stað stefnda sem ágreiningslaust er að gerði samninginn við stefnanda og hafði áður gert.

Að virtu framangreindu verður stefndi ekki talinn hafa axlað þá ríku sönnunarbyrði sem á honum hvílir um að í stað þess að vera persónulega ábyrgur gagnvart þeim aðila sem hann samdi sannanlega við sjálfur í upphafi, hafi ábyrgðin færst yfir á einkahlutafélag sem nú liggur fyrir að er ógjaldfært án þess að það í sjálfu sér, skipti máli um hvar ábyrgðin liggur.

Því telur dómurinn með öllu ósannað að stefndi hafi í öndverðu verið að semja fyrir Tréhús ehf., eða að ábyrgðin hafi síðar og þá væntanlega undir framkvæmd verksins færst af stefnda yfir á félagið. Slíkt getur að mati dómsins ekki gerst án atbeina stefnanda en ekkert bendir til þess að um það sé að ræða. Í því sambandi athugist og

að engar athugasemdir eru sjáanlega gerðar við reikning stefnanda á hendur stefnda fyrir en í greinargerð stefnda til dómsins sem lögð var fram í nóvember 2020 eða næstum ári eftir að hann var gefinn út.

Stefndi verður því talinn ábyrgur fyrir því verki sem sannanlega var unnið í húsum sem hann sjálfur átti á þeim tíma og þurfti að standa skil á eftir skilalýsingu, sbr. framlagða kaupsamninga um Lerkibýggð 1 og 3, Mosfellsbæ sem gerðir voru 3. og 30. júlí 2018. Ágreiningslaust er að verkið sem hér er krafist greiðslu fyrir, stóð yfir fram í febrúar 2019 og verður ekki annað ráðið en að seljandi eignarinnar, stefndi, hafi þá verið að koma eignunum í það stand sem hann hafði skuldbundið sig til gagnvart kaupendum þeirra.

Ekki verður fallist á að stefnandi hafi glatað rétti til að beina kröfu sinni að stefnda vegna tómlætis þar sem tæpir tíu mánuðir hafi liðið frá því að verki lauk og þar til reikningur var gefin út í árslok 2019. Sá tími telst alls ekki, miðað við samningssamband aðila, óeðlilegur, a.m.k. telur dómurinn útilokað að bið á útgáfu reiknings, sem stefnandi kveður hafa verið vegna umleitana við stefnda, komi niður á rétti hans í málinu.

Stefndi krefst til vara að stefnukröfur stefnanda verði lækkaðar. Dómurinn sér enga meinbugi á reikningi stefnanda og ekkert þar sem stingur í augu miðað við hvernig verkinu hefur verið lýst. Í greinargerð til dómsins var áskilinn réttur til dómkvaðningar á matsmanni til að renna stoðum undir þessa málsástæðu en hennar hefur hins vegar ekki verið aflað.

Í þessu sambandi vekur athygli að í greinargerð er staðhæft að samið hafi verið um fast verð fyrir verkið, þ.e. 2.880.000 kr. sem hafi miðast við 4.000 kr. á fermetra. Reyndar hafi það miðast við vinnu og efni að því er virðist en verkkaupi hafi síðan séð alfarið um efniskaup eða, öllu heldur væntanlega, borið kostnað af þeim. Stefnandi

mótmælir þessu reyndar og kveður markaðinn hafa verið þannig að hann hafi alls ekki séð sér hag í því á þeim tíma að gera fast tilboð í svona verk heldur hafi viljað fá greitt á grundvelli unninna tíma og þá 6.500 kr. fyrir tímann auk virðisaukaskatts. Heildarreikningur stefnanda fyrir verkið, og stefnufjárhæð málsins, er hins vegar 3.628.000 kr. auk virðisaukaskatts, sem er ekki mjög fjarri því umsamda verði sem stefndi kveðst hafa miðað við. Í málinu er og upplýst að fyrir utan hefðbundna sparsl- og málningarvinnu hafi stefnandi þurft að nýta mannskap sinn í að klæða milliveggi með gífsplötum þar sem veggir hafi ekki verið tilbúnir undir málningarvinnu þegar hann kom að verkinu. Stefndi staðfesti þetta í skýrslu sinni fyrir dóminum. Þetta mun hafa verið talsvert tímafrekara verk heldur en hefðbundin málningarvinna og viðmiðunargjald fyrir slík verk á markaði mun hærra. Sést þetta glögglega á framlögðum vinnuskýrslum stefnanda.

Athugasemdir í greinargerð stefndu um að misræmi sé í vinnuskýrslum stefnanda þannig að annars vegar sé um að ræða skýrslu sem miði við 367 einingar og hins vegar 596 einingar sem grundvalla stefnufjárhæð málsins eiga vart erindi inn í málið. Þannig verður ekki betur séð en að í aðra skýrsluna vanti fjölda daga sem ekki virðist ágreiningur um að starfsmenn stefnanda hafi þó verið við störf í þágu stefnda. Af samanburði verður reyndar ráðið að skýrslan þar sem niðurstaðan er 367 einingar virðist hafa verið tekin saman til að sýna sérstaklega vinnu við að klæða milliveggi, eða eftir atvikum verið fyrir tímann þar til þeirri vinnu var lokið að mestu 28. nóvember 2018. Það undirstrikar enn frekar að sú vinna sem stefnandi innti af hendi í þágu stefnda hafi, að því er virðist, verið að mjög miklu leyti umfram það sem þeim samdist um í byrjun.

Þá hefur stefnandi greint frá því að hann hafi gefið sem samsvaraði um 40 stunda afslátt af vinnulið, í kjölfar þess að stefndi hafi kvartað yfir einhverjum seinangangi hjá starfsmönnum stefnanda einkum í desember 2018, en þetta hefur stefndi kannast við. Þá verður ekki séð að aðrar athugasemdir sem skipt geta hér máli hafi verið gerðar á verk tíma eða eftir það, m.a. athugasemdir er varða vinnu sem þurfti að fara fram vegna mistaka frá birgi undir lok verksins, sem að mestu virðist hafa verið greiddur af honum, þ.e. þriðja aðila, og getur ekki skipt hér máli.

Eftir stendur að bollaleggingar um eðlilegt verð fyrir verkið geta eins og málið er lagt fyrir dóminn ekki verið neitt annað en bollaleggingar. Ekkert sem hönd er á festandi gefur þannig til kynna að reikningur sá sem hér er krafist greiðslu á sé óeðlilegur hvað þá í hróplegu ósamræmi við það verk sem ágreiningslaust er að unnið var að beiðni stefnda, og ekkert sem styður að krafan sé ósanngjörn gagnvart honum. Þá er ekki hald í málsástæðum stefnda um einhverja galla á verkinu, a.m.k. eru þær vanreifaðar og óreifaðar um sumt.

Stefndi hefur því, að mati dómsins, ekki fært nein gögn fram fyrir því að ástæða sé fyrir dóminn að fallast á kröfur hans um lækkun á kröfu stefnanda. Þá verður ekki séð að lög um þjónustukaup nr. 42/2000 geti hér breytt niðurstöðu og verður að telja þá málsástæðu stefnda haldlausa en ella vanreifaða. Um gildi þeirra laga í málinu verður og staldrað við ákvæði 3. mgr. 1. gr. laganna og það að stefndi er húsasmíðameistari og allt bendir til þess að húsin við Lerkibýggð, sem málið snýst um, hafi hann smíðað eða aflað sér í atvinnuskyni. Ekki var heldur sjáanlegur ágreiningur um það undir aðalmeðferð málsins.

Verður því fallist á kröfur stefnanda í málinu.

Eftir úrslitum málsins, og samkvæmt meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 750.000 krónur í málskostnað.

Málið fluttu Auður Björg Jónsdóttir lögmaður fyrir stefnanda og Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður fyrir stefnda.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, Finnbogi Rútur Jóhannesson, greiði stefnanda, Litlu máli ehf., 4.498.720 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1.

febrúar 2020 til greiðsludags, að frádreginni innborgun að fjárhæð 1.300.000 krónur,
30. nóvember 2018.

Stefndi greiði stefnanda 750.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson